

AFKOMA ARION BANKA Á FYRSTU NÍU MÁNUÐUM ÁRSINS 2015

Hagnaður Arion banka á fyrstu níu mánuðum ársins 2015 nam 25,4 milljörðum króna samanborið við 22,6 milljarða króna á sama tímabili 2014. Markast afkoma tímabilsins mjög af óreglulegum liðum líkt og á árinu 2014. Skipta þar mestu einskíptisatburðir eins og sala bankans á hlutum í fasteignafélaginu Reitum, alþjóðlega drykkjaframleiðandanum Refresco Gerber og Símanum hf. í tengslum við skráningu félaganna í kauphöll. Arðsemi eigin fjár var 19,8% samanborið við 19,9% á sama tímabili árið 2014. Hagnaður af reglulegri starfsemi á tímabilinu nam 13,5 milljörðum króna samanborið við 11,4 milljarða á sama tímabili 2014. Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi nam 11,2% á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við 10,1% á sama tímabili 2014. Heildareignir námu 1.009,5 milljörðum króna samanborið við 933,7 milljarða króna í árslok 2014.

Eiginfjárlutfall bankans í lok tímabilsins var 23,5% en var 26,3% í árslok 2014. Lækkunin er einkum tilkomin vegna arðgreiðslu að fjárhæð 12,8 milljarðar króna og fyrirframgreiðslu á víkjandi lánum frá ríkinu að fjárhæð 20 milljarðar króna. Hlutfall eiginfjárbáttar A nam 22,2% samanborið við 21,8% í árslok 2014.

Helstu atriði árshlutareikningsins

- Hagnaður eftir skatta nam 25,4 mö.kr. samanborið við 22,6 ma.kr. á sama tímabili 2014.
- Hagnaður af reglulegri starfsemi nam 13,5 mö.kr. samanborið við 11,4 ma.kr. á sama tímabili 2014.
- Eiginfjárlutfall nam 23,5% í lok tímabils samanborið við 26,3% í árslok 2014.
- Arðsemi eigin fjár var 19,8% samanborið við 19,9% á sama tímabili 2014. Af reglulegri starfsemi nam arðsemin 11,2% á tímabilinu, samanborið við 10,1% á sama tímabili 2014.
- Hreinar vaxtatekjur námu 20,3 mö.kr. samanborið við 18,3 ma.kr. á sama tímabili 2014.
- Hreinar þóknatekjur námu 10,7 mö.kr. samanborið við 10,1 ma.kr. á sama tímabili 2014.
- Rekstrartekjur hækka umtalsvert á milli ára og námu 50,4 mö.kr. samanborið við 38,3 ma.kr. á sama tímabili 2014. Mikil hækkun rekstrartekna er einkum tilkomin vegna söluhagnaðar og hækkunar á verðmati á eignarhlutum í Reitum fasteignafélagi hf., Refresco Gerber og Símanum hf. í tengslum við skráningu félaganna á markað 2015.
- Hrein virðisbreyting er neikvæð á tímabilinu og nemur 0,1 ma.kr., samanborið við 2,9 ma.kr. jákvæða virðisbreytingu á sama tímabili 2014. Hrein virðisbreyting lána hjá dótturfélaginu AFL – sparisjóði var neikvæð á tímabilinu og nam 1,7 ma.kr. eins og kom fram í hálfárs uppgjöri bankans. Hrein virðisbreyting annarra lána samstæðunnar var jákvæð um sambærilega fjárhæð.
- Tekjuskattur nam 3,6 mö.kr. samanborið við 4,4 ma.kr. á sama tímabili 2014.
- Kostnaðarhlutfall var 38,4% en var 48,7% á sama tímabili 2014. Af reglulegri starfsemi nam kostnaðarhlutfall 49,7% samanborið við 54,6% á fyrstu níu mánuðum ársins 2014.
- Eigið fé bankans var 174,8 ma.kr. en nam 162,2 mö.kr. í lok árs 2014.



Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka:

"Afkoma Arion banka á fyrstu níu mánuðum ársins er góð. Hún markast nokkuð af hagnaði af sölu á eignarhlutum í félögum í óskyldum rekstri í tengslum við skráningu þeirra á markað. Ljóst er að í framtíðinni mun draga úr áhrifum slíkra þátta á afkomu bankans sem þá verður borin uppi af hefðbundinni fjármálastarfsemi. Við erum vel undir þetta búin enda höfum við á undanförnum árum lagt áherslu á að styrkja grunnstoðirnar í rekstri bankans.

Mörg stór og spennandi verkefni hafa verið kláruð á fyrstu níu mánuðum ársins. Bankinn hefur staðið að baki öllum þremur nýskráningum í kauphöll það sem af er ári og þannig eftt hlutabréfamarkaðinn og komið endurskipulögðum félögum í dreift eignarhald. Mikill áhugi er á hlutafjárútboðum og framkvæmd þeirra. Við tökum mark á málefnalegri gagnrýni og munum breyta verklagi okkar þar sem við á. Arion banki kemur einnig að byggingu fimm stjörnu hótels við Hörpu og í október gerðum við samning um kaup á tryggingafélaginu Verði sem bíður afgreiðslu eftirlitsaðila.

Eins og við höfum áður getið um hefur tekist vel að auka fjölbreytni í fjármögnun bankans á liðnum misserum. Þróun á eftirmaaði með skuldabréf bankans á alþjóðlegum mörkuðum er jákvæð og hækkun lánshæfismats S&P upp í fjárfestingaflokk mun bæta enn frekar aðgengi að alþjóðlegum lánsfjármörkuðum."

Fundur með markaðsaðilum

Arion banki mun halda símafund á ensku fyrir markaðsaðila, fimmtudaginn 12. nóvember, klukkan 13:00. Á fundinum mun Stefán Pétursson, fjármálastjóri Arion banka, fara yfir helstu atriði í uppgjöri bankans. Áhugasamir geta sent tölvupóst á ir@arionbanki.is og fá í kjölfarið sendar innhringiupplýsingar.

Nánari upplýsingar veitir Haraldur Guðni Eiðsson, samskiptasviði Arion banka, haraldur.eidsson@arionbanki.is, s: 856 7108.



Rekstrarreikningur – helstu atriði

Rekstrarreikningur				
<i>Í milljónum króna</i>	9 mán. '15	9 mán. '14	Breyting	Breyt. %
Hreinar vaxtatekjur	20.287	18.309	1.978	11%
Hreinar þóknatekjur	10.727	10.119	608	6%
Hreinar fjármunatekjur	10.570	5.295	5.275	100%
Hreinn gengishagnaður (tap)	(395)	565	(960)	(170%)
Aðrar rekstrartekjur	9.188	3.961	5.227	132%
Rekstrartekjur	50.377	38.249	12.128	32%
Laun og launatengd gjöld	(10.320)	(10.026)	(294)	3%
Annar rekstrarkostnaður	(9.015)	(8.597)	(418)	5%
Bankaskattur	(2.168)	(2.008)	(160)	8%
Hrein virðisbreyting	(114)	2.877	(2.991)	(104%)
Hagnaður fyrir skatta	28.760	20.495	8.265	40%
Tekjuskattur	(3.639)	(4.456)	817	(18%)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	25.121	16.039	9.082	57%
Afkoma af aflagðri starfsemi eftir skatta	277	6.592	(6.315)	-
Hagnaður tímabilsins	25.398	22.631	2.767	12%

Rekstrartekjur

Rekstrartekjur hækka mikið á milli ára eða um 12.128 milljónir króna en þær námu 50.377 milljónum króna á tímabilinu. Hækkunin er að stórum hluta tilkomin vegna 5.275 milljóna króna hækkunar á hreinum fjármunatekjum og 5.227 milljóna króna hækkunar á öðrum rekstrartekjum.

Hreinar vaxtatekjur námu 20.287 milljónum króna á tímabilinu og hækka um 11% milli ára. Vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna nam 3,0% á tímabilinu en var 2,9% á sama tímabili 2014. Aukinn vaxtamunur skýrist að nokkru af hærri verðbólgu á fyrstu níu mánuðum ársins 2015 samanborið við sama tímabil 2014 en einnig skýrist hann af lægri fjármagnskostnaði með virkari lausafjárstyringu.

Hreinar þóknatekjur aukast um 6% milli ára og námu 10.727 milljónum króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2015. Aukningin er að mestu tilkomin vegna hærri þóknatekna af greiðslukortum og fjárfestingarbankastarfsemi. Yfir 80% af heildar þóknatekjum Arion banka samstæðunnar kemur frá fyrirtækjum.

Hreinar fjármunatekjur hækkuðu mikið milli ára eða um 5.275 milljónir króna og námu 10.570 milljónum króna á tímabilinu. Mestu munar þar um virðishækkun á beinum og óbeinum 9,3% eignarhlut í evrópska drykkjarvörurisanum Refresco Gerber í tengslum við skráningu félagsins á hlutabréfamarkað í lok mars. Almennt var ávöxtun hlutabréfa með ágætum á tímabilinu en óveruleg verðbreyting varð á skuldabréfum.

Hreint gengistap nam 395 milljónum króna á tímabilinu samanborið við 565 milljóna króna gengishagnað á sama tímabili 2014. Hreinn gjaldeyrisójöfnuður samstæðunnar nam 5,1 milljarði króna í lok tímabilsins sem felur í sér að gengissveiflur hafa nokkur áhrif á rekstrartekjur. Hreinn gjaldeyrisójöfnuður var 18,9 milljarðar króna í árslok 2014, en unnið hefur verið markvisst í minnkun ójafnaðarins síðustu misseri. Gjaldyrisójöfnuður móðurfélagsins er langt innan þeirra 15% marka sem Seðlabankinn setur.

Aðrar rekstrartekjur námu 9.188 milljónum króna á tímabilinu og hækka umtalsvert frá fyrra ári eða um 5.227 milljónir króna. Aðrar rekstrartekjur eru einkum tekjur af hlutdeildarfélögum, virðisbreytingar og söluhagnaður af atvinnuhúsnæði og byggingareitum í þróun í eigu Landeyjar samstæðunnar og tekjur af iðgjöldum hjá OKKAR líftryggingum hf. Hækkun samanborið við fyrra ár skýrist af söluhagnaði og virðisbreytingum af hlutdeildarfélögum en hækkunin nemur samtals 6.983 milljónum króna. Munar þar mestu um söluhagnað og virðisbreytingu eignarhlutar í Reitum



fasteignafélagi hf. í tengslum við skráningu félagsins á NASDAQ Íslandi, en Arion banka samstæðan átti 25,3% eignarhlut í félaginu í upphafi árs. Þá voru jafnframt jákvæð áhrif af sölu 10,5% hlutar í Símanum hf. og virðisbreytingu eftirstandandi eignarhlutar bankans í félaginu.

Rekstrarkostnaður og bankaskattur

Rekstrarkostnaður á fyrstu níu mánuðum ársins nam samtals 19.335 milljónum króna. Kostnaðarhlutfall lækkar í 38,4% en var 48,7% á sama tímabili 2014. Þessi mikla lækkun skýrist alfarið af háum tekjum af virðisbreytingum og eignasölu og gefur því ekki alveg rétta mynd af áframhaldandi rekstri. Kostnaður sem hlutfall af eignum nam 2,6% og er óbreytt frá sama tímabili 2014.

Laun og launatengd gjöld námu 10.320 milljónum króna á fyrstu níu mánuðum ársins og hafa hækkað um 3% frá sama tímabili 2014. Stöðugildi samstæðunnar voru að meðaltali 1.131 á tímabilinu sem er nánast sami fjöldi og á sama tímabili 2014. Reiknuð hækkun meðallauna er tæplega 3% sem er vel undir hækkun á meðalstöðu launavísitölu milli tímabila.

Bankaskattur nam 2.168 milljónum króna samanborið við 2.008 milljónir króna á sama tímabili 2014 og breytist í takt við stækkandi efnahag bankans.

Hrein virðisbreyting

Hrein virðisbreyting var neikvæð sem nemur 114 milljónum króna og skiptist í stórum dráttum í þrennt. Í fyrsta lagi er um að ræða hreina virðishækkun á lánum til fyrirtækja upp á 2.878 milljónir króna. Í annan stað er hrein virðisrýrnun vegna útlána til einstaklinga um 1.481 milljónir króna. Í þriðja lagi hækkar almennt framlag virðisrýrnunar um 1.486 milljónir króna. Hrein virðisbreyting lána hjá dótturfélaginu AFL – sparisjóði, sem Arion banki fer með yfirráð yfir í kjölfar samþykkis íslenskra yfirvalda þar að lútandi frá því í apríl sl., var neikvæð á öðrum ársfjórðungi 2015. Gerð var úttekt á lánasafni sjóðsins og til viðbótar áður færðum niðurfærslum nam hrein virðisrýrnun lána hjá AFL – sparisjóði á tímabilinu 1.749 milljónum króna. Hrein virðishækkun annarra lána samstæðunnar nam 1.660 milljónum króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2015 og er merki um árangursríka endurskipulagningu lánasafnsins.

Skattar

Tekjuskattur nam 3.639 milljónum króna samanborið við 4.456 milljónir króna á sama tímabili 2014. Tekjuskattur, eins og hann er settur fram í árshlutareikningi, samanstendur af 20% tekjuskatti af hagnaði og 6% sérstökum fjársýsluskatti sem lagður er á hagnað fjármálafyrirtækja umfram einn milljarð króna. Virkt tekjuskattshlutfall er 12,7% á fyrstu níu mánuðum ársins 2015 samanborið við 21,7% á sama tímabili 2014. Lágt tekjuskattshlutfall á tímabilinu skýrist einkum af óskattskyldum tekjum sem tilkomnar eru vegna hagnaðar og virðisbreytinga af hlutabréfaeign.

Regluleg starfsemi

Á fyrstu níu mánuðum ársins var talsverður hluti hagnaðar Arion banka vegna eigna sem ekki teljast til kjarnaegna bankans. Þessar eignir eru einkum yfirteknir eignarhlutir í félögum í óskyldum rekstri í tengslum við skuldauppgjör. Bankinn hefur síðan unnið með félögunum að endurskipulagningu þeirra, unnið að sölu þeirra og í sumum tilfellum skráningu á markað. Þegar horft er til reglulegrar starfsemi þá leiðréttir Arion banki afkomu sína fyrir tímabundnum bankaskatti, áhrifum dótturfélaga sem eru í óskyldum rekstri og virðisbreytingum útlána.

Að teknu tilliti til ofangreinds lækkar afkoma á fyrstu níu mánuðum ársins samtals um 11.752 milljónir króna, niður í 11.499 milljónir króna. Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi nam 11,2% samanborið við 10,1% fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2014. Kostnaðarhlutfall af kjarnastarfsemi nam 49,7% á fyrstu níu mánuðum ársins en var 54,6% á sama tímabili 2014.



Þriðji ársfjórðungur 2015

Afkoma þriðja árfjórðungs 2015 var mjög góð. Arðsemi eigin fjár var 14,2% samanborið við 13,3% arðsemi á þriðja ársfjórðungi 2014.

Rekstrarreikningur				
<i>Í milljónum króna</i>	3F 2015	3F 2014	Breyting	Breyt. %
Hreinar vaxtatekjur	7.112	6.343	769	12%
Hreinar þóknatekjur	3.292	3.526	(234)	(7%)
Hreinar fjármunatekjur	1.469	1.582	(113)	(7%)
Hreinn gengishagnaður (tap)	(1.016)	412	(1.428)	(347%)
Aðrar rekstrartekjur	3.448	689	2.759	400%
Rekstrartekjur	14.305	12.552	1.753	14%
Laun og launatengd gjöld	(3.153)	(2.862)	(291)	10%
Annar rekstrarkostnaður	(3.012)	(2.787)	(225)	8%
Bankaskattur	(779)	(633)	(146)	23%
Hrein virðisbreyting	(33)	876	(909)	(104%)
Hagnaður fyrir skatta	7.328	7.146	182	3%
Tekjuskattur	(1.272)	(1.989)	717	(36%)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	6.056	5.157	899	17%
Afkoma af aflagðri starfsemi eftir skatta	15	67	(52)	(78%)
Hagnaður tímabilsins	6.071	5.224	847	16%

Rekstrartekjur á þriðja ársfjórðungi hækka um 14% milli ára. Aðrar rekstrartekjur hækka umtalsvert á milli ára og er hækkunin að mestu tilkomin vegna sölu á um 10% eignarhlut bankans í hlutdeildarfélaginu Símanum hf. í aðdraganda skráningar félagsins á NASDAQ Íslandi í byrjun október og virðisbreytingum á eftirstæðum 27,8% eignarhlut. Hreinn gengishagnaður lækkar töluvert á milli ára.

Rekstrarkostnaður hækkar nokkuð á milli ára, sem stafar einkum af auknum umsvifum dótturfyrirtækisins Valitor á erlendum vettvangi.

Hrein virðisbreyting lækkar á milli ára en virðisbreyting var jákvæð um 876 m.kr. á þriðja ársfjórðungi 2014.



Efnahagsreikningur – helstu atriði

Eignir					
<i>Í milljónum króna</i>	30.09.2015	31.12.2014	Breyt.%	30.09.2014	Breyt.%
Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	73.289	21.063	248%	33.335	120%
Lán til lánastofnana	93.326	108.792	(14%)	108.621	(14%)
Lán til viðskiptavina	678.807	647.508	5%	652.598	4%
Verðbréfaeign	111.191	101.828	9%	99.223	12%
Fjárfestingareignir	7.817	6.842	14%	2.901	170%
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	13.847	21.966	(37%)	22.025	(37%)
Óefnislegar eignir	9.194	9.596	(4%)	5.337	72%
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	4.040	3.958	2%	4.210	(4%)
Aðrar eignir	17.963	12.183	47%	13.921	29%
Eignir samtals	1.009.476	933.736	8%	942.172	7%

Heildareignir samstæðu Arion banka námu 1.009,5 milljörðum króna í lok tímabilsins. Breytingar á einstökum eignaflokkum frá áramótum eru tengdar aukningu útlána og nýrri fjármögnun á tímabilinu. Verðbréfaeign hækkar nokkuð frá áramótum og skýrist hækkunin að mestu af tilflutningi eignarhlutar í Reitum fasteignafélagi í framhaldi af sölu á hluta af eign bankans í félaginu í tengslum við skráningu á markað.

Lán til viðskiptavina

Lán til viðskiptavina námu 678.807 milljónum króna í lok tímabils og höfðu aukist um 31.299 milljónir króna frá áramótum.

Lán til fyrirtækja hafa aukist umtalsvert frá áramótum, í takt við aukin umsvif í efnahagslífi landsins. Þessi nýju lán eru einkum til fasteignaframkvæmda, flutninga- og ferðaþjónustu og sjávarútvegs. Eftirspurn eftir lánsfé hefur aukist umtalsvert á síðustu misserum og fyrirsjáanleg er frekari aukning í útlánnum til fyrirtækja.

Lán til einstaklinga hafa lækkað nokkuð og er það einkum vegna leiðréttingar ríkisins snemma á árinu. Aukning hefur verið í nýjum útlánnum til einstaklinga, bæði lánnum til íbúðakaupa og öðrum lánnum, eftir því sem liðið hefur á árið.

Gæði lánasafns bankans hafa aukist jafnt og þétt á liðnum árum. Ýmsir mælikvarðar eru notaðir við þær mælingar en þeir helstu eru annars vegar hlutfall vandræðalána, sem skilgreind eru sem hlutfall bókfærðs virðis lána sem komin eru í 90 daga vanskil og lána sem talin eru þurfa sértæka niðurfærslu af heildarlánasafni bankans til viðskiptavina. Hlutfall vandræðalána í lok september sl. er 3,2% en var 4,4% í árslok 2014. Jafnframt horfir bankinn til hlufalls lána bankans sem hafa verið niðurfærð. Það hlutfall var í lok september 4,9% en í árslok 2014 var hlutfallið 5,3%.

Verðbréfaeign

Verðbréfaeign nam 111.191 milljónum króna í lok tímabils samanborið við 101.828 milljónir króna í árslok 2014.

Verðbréfaeign					
<i>Í milljónum króna</i>	30.09.2015	31.12.2014	Breyt.%	30.09.2014	Breyt.%
Skuldabréf	69.471	66.465	5%	65.699	6%
Hlutabréf og hlutdeildarskírteini	26.834	25.233	6%	25.276	6%
Afleiðusamningar	2.285	1.026	123%	1.306	75%
Verðbréf til áhættuvarna	12.601	9.104	38%	6.942	82%
Verðbréf samtals	111.191	101.828	9%	99.223	12%



Hækkunin á hlutabréfum það sem af er ári er einkum tilkomin vegna tilfærslu á eignarhlut bankans í Reitum úr hlutdeildarfélagum í hlutabréfaeign.

Skuldir og eigið fé

Skuldir og eigið fé

<i>Í milljónum króna</i>	30.09.2015	31.12.2014	Breyt.%	30.09.2014	Breyt.%
Innlán lánastofnana og Seðlabanka Íslands	11.470	22.876	(50%)	21.131	(46%)
Innlán frá viðskiptavinum	503.155	454.973	11%	482.518	4%
Fjárskuldir á gangvirði	5.511	9.143	(40%)	6.038	(9%)
Aðrar skuldir	55.996	52.313	7%	49.568	13%
Lántaka	248.172	200.580	24%	191.947	29%
Víkjandi skuldir	10.378	31.639	(67%)	31.205	(67%)
Eigið fé	173.507	160.711	8%	154.643	12%
Minnihluti	1.287	1.501	(14%)	5.122	(75%)
Skuldir og eigið fé samtals	1.009.476	933.736	8%	942.172	7%

Heildarskuldir námu 834.681 milljónum króna í lok tímabils samanborið við 771.524 milljónir króna í árslok 2014.

Lántaka

Lántaka bankans nam 248.172 milljónum króna í lok tímabilsins. Arion banki hélt áfram útgáfu sértryggðra skuldabréfa, sem eru tryggð í samræmi við lög nr. 11/2008 um sértryggð skuldabréf. Í ágúst var gefinn út nýr flokkur óverðtryggðra sértryggðra skuldabréfa að fjárhæð 4,3 milljarðar króna. Nýja útgáfan ber 6,5% fasta vexti og er á lokagjalddaga í september 2022.

Í lok júní lauk Arion banki við skuldabréfaútgáfu í norskum krónum þegar hann gaf út 500 milljónir norskra króna, sem samsvarar um 8 milljörðum króna, til 5 ára. Skuldabréfin bera fljótandi NIBOR vexti að viðbættu 2,95% vaxtaálagi. Arion banki gerði á sama tíma skiptasamning sem þýðir að hluti vaxta og höfuðstóls var skipt í evrur. Vaxtakjör í evrum eru fljótandi EURIBOR +2,74%. Umframeftirspurn var eftir skuldabréfunum. Skuldabréfin voru seld til fjárfesta á Norðurlöndunum og á meginlandi Evrópu. Samhliða skuldabréfaútgáfunni keypti Arion banki til baka NOK 260 milljónir af skuldabréfaútgáfu frá árinu 2013 og hefur bankinn samtals keypt NOK 319 milljónir tilbaka af NOK 500 milljón króna útgáfu frá árinu 2013.

Í mars gaf bankinn út óveðtryggð skuldabréf í evrum upp á 300 milljónir evra eða um 45 milljarða króna. Skuldabréfin eru til þriggja ára og voru seld til um 100 alþjóðlegra fjárfesta. Um er að ræða fyrstu útgáfu íslensks banka í evrum og jafnframt lang stærstu einstöku skuldabréfaútgáfuna frá árinu 2008 og markar hún þannig þáttaskil hvað varðar aðgengi íslensks banka að erlendum skuldabréfa- og lánsfjármörkuðum.

Víkjandi skuldir

Víkjandi skuldir bankans námu 10.378 milljónum króna í lok tímabils. Breyting frá áramótum er einkum tilkomin vegna niðurgreiðslu upp á um 20 milljarða króna, þar sem hluti nýrrar skuldabréfaútgáfu var nýttur til greiðslu víkjandi skuldar við íslenska ríkið. Kjör víkjandi skulda hækkuðu í byrjun árs, skv. skilmálum, eða úr 4% í 5% álag ofan á LIBOR. Við það myndaðist enn frekari hvati til niðurgreiðslu og unnið verður að uppgreiðslu skuldarinnar eins fljótt og aðstæður leyfa.

Eigið fé

Eigið fé bankans nam 174.795 milljónum króna í lok september 2015 samanborið við 162.212 milljónir króna í lok árs 2014. Hækkunin skýrist að mestu af afkomu tímabilsins að teknu tilliti til arðgreiðslu í apríl sem nam 12,8 milljörðum króna. Tier 1 hlutfall bankans nam 22,2% í lok tímabilsins samanborið við 21,8% í árslok 2014.



Samkvæmt reglum FME um útreikninga eiginfjárlutfalls er ekki heimilt að taka tillit til afkomu nema að uppgjör séu árituð af endurskoðanda. Eiginfjárlutfall samkvæmt reglum FME var 22,7% í lok september samanborið við 26,3% í lok árs 2014. Ástæðu lækkunar má einkum rekja til niðurgreiðslu á víkjandi láni frá íslenska ríkinu að fjárhæð 20 milljarða króna og áhrifa arðgreiðslu til hluthafa bankans, sem greidd var í apríl. Að teknu tilliti til hagnaðar ársfjórðungsins er eiginfjárlutfall bankans 23,5% í lok tímabilsins.

Kennitölur

	9 mán. '15	2014	9 mán. '14
Arðsemi eigin fjár	19,8%	18,6%	19,9%
Arðsemi eigna	3,5%	3,0%	3,2%
Vaxtamunur á vaxtaberandi eignir	3,0%	2,8%	2,9%
Vaxtamunur á heildareignir	2,8%	2,6%	2,6%
Kostnaðarhlutfall	38,4%	50,1%	48,7%
Kostnaður sem hlutfall af eignum	2,6%	2,9%	2,6%
Virkur tekjuskattur	11,8%	16,1%	19,8%
CAD hlutfall (Eiginfjárlutfall)	23,5%	26,3%	25,3%
Tier 1 hlutfall	22,2%	21,8%	21,1%
Vandræðalán	3,2%	4,4%	4,6%
Áhættuvegnar eignir sem hlutfall af heildareignum	73,3%	74,5%	77,4%
Útlán sem hlutfall af innlánnum	134,9%	142,3%	135,2%
Meðalfjöldi stöðugilda	1.131	1.128	1.130
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils- samstæða	1.151	1.120	1.135
Meðalfjöldi stöðugilda - móðurfélag	849	890	898
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils - móðurfélag	850	865	899

Fjárhagsdagatal

Samkvæmt áætlun munu uppgjör bankans verða birt sem hér segir:

Ársuppgjör 2015	24. febrúar 2016
Aðalfundur	17. mars 2016
Árshlutauppgjör 1F 2016	11. maí 2016
Árshlutauppgjör 2F 2016	31. ágúst 2016
Árshlutauppgjör 3F 2016	16. nóvember 2016

Dagatalið er birt með fyrirvara um breytingar.